

- 55**
21. júní
- 8. gr.**
- Gjalddagi á vatnsskatti er 15. júlí og 15. október, og má taka hann lögtaki samkvæmt lögum 16. desember 1885.

Reglugjörð þessi, sem hreppsnefnd Keflavíkurhrepps hefir samið og samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. júlí 1928 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. júní 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.

- 56**
21. júní
- KONUNGLEG STAÐFESTING** á skipulagskrá fyrir minningarsjóð Krístrúnar Haraldsdóttur útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 27. júní 1928. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð Krístrúnar Haraldsdóttur.

Sjóður þessi er stofnaður árið 1923 með 250 kr., sem Ungmennafjelag Hrunamanna gaf til minningar um dóttur okkar, er andaðist 29. desember 1922. — Árið sem leið höfum við bætt það miklu við sjóðinn, að hann var 1000 kr. í byrjun þessa árs.

Ungmennafjlagið fól okkur að ráðstafa sjóðnum og gerum við það þannig:

1. gr.

Sjóðurinn skal vera eign Lestrarfjelags Hrunasóknar, eða þess lestrarfjelags, sem Hrunasókn öll á aðgang að, þótt það hafi annað nafn eða nái yfir stærra svæði.

2. gr.

Lestrarfjelagsstjórnin skal annast um, að sjóðurinn sje ávaxt-

aður haganlega og tryggilega, og hafi á hendi stjórn hans og reikningsfærslu.

56
27. júní

Ef lestrarfjelagið legst niður einhvern tíma, þá er hreppsnefnd Hrunamannahrepps falin umsjón sjóðsins þar til er lestrarfjelag er aftur stofnað.

3. gr.

Höfuðstólinn má aldrei skerða, nje það sem við hann verður lagt hjer eftir. Í lok hvers árs skal ávalt leggja við höfuðstólinn ekki minna en tuttugasta hluta vaxtanna.

4. gr.

Ef lestrarfjelag er starfandi í Hrunasókn, og í því eru ekki færri en 20 fjelagar, sem greiða a. m. k. 2 króna árstillag hver, þá má verja í þarfir fjelagsins af vöxtum sjóðsins alt að 30 krónum á ári næstu 10 ár, í fyrsta sinn í ársbyrjun 1928, því næst alt að 40 kr. önnur 10 ár, og svo koll af kolli, þannig að tillagið hækki um alt að 10 kr. eftir hver 10 ár. — Ef ekkert það lestrarfjelag er til í Hrunasókn, sem fullnægi þeim skilyrðum, er hjer eru sett, þá skal leggja alla vextina við höfuðstólinn meðan svo stendur.

5. gr.

Ákvæðum 1. greinar og 3. greinar má aldrei breyta. En öðrum ákvæðum skipulagsskrár þessarar má stjórn lestrarfjelagsins breyta eftir vild, þegar sjóðurinn er orðinn 10.000 krónur — tíu þúsund krónur — enda skal leita konungsstaðfestingar á breytingunni, eins og á skipulagsskrá þessari.

Hrafnkelsstöðum, 10. október 1927.

Haraldur Sigurðsson. Guðrún Helgadóttir.

SAMÞYKT

um

sölu á lóðum bæjarsjóðs Reykjavíkur til íbúðarhúsabygginga.

1. gr.

Þegar einhver óskar að fá keypta lóð, sem er eign bæjarsjóðs, til að byggja á henni íbúðarhús, skal lóðin — ef bæjarstjórnin vill selja hana — seld með þeim kjörum, sem fyrir er mælt í eftirfarandi greinum.

57
28. júlí